

Óþolandi!
Þetta er ekki hægt lengur!
Hvað eigum við að gera?

Róða Vilborgar Harðardóttur
flutt á fundi Feminista í bygjun
nýttar aldat (Kringum 2000)
var í dörsu Etnu
Egilsdóttur

Þetta var á síðustu árum sjöunda áratugarins, - fyrir 30 árum.

Ég veit að margar ykkar eru líka óánægðar í dag, og áreiðanlega með réttu en ég veit líka að konur sem nú eru undir fertugu geta varla ímyndað sér hvernig aðstæðurnar voru. Staða kvenna var bókstaflega á botninum. Mismunur á öllum sviðum. Launamismunur hrikalegur, verkafólk vann kvennastörf og karlastörf og fékk fékk kvennalaun og karlalaun og á öðrum sviðum var konum mismunað í launum þótt þær ynnu sömu störf og karlar á sömu vinnustöðum. En yfirleitt var verkaskiptingin klár, konur unnu heimilisstörf og ef þær unnu utan heimilis voru það þjónustustörf og ver launuðu störf sem þær fengu, og ef þær unnu utan heimilis og áttu börn þjuggu þær við tvöfalt vinnuálag. Karlarnir stjórnðu. Varla var til kona í stjórnunarstöðu. Jafnrétti til náms var að vísu í orði en ekki í raun, bæði vegna aðstöðumunar og hins, að stúlkur fengu ekki hvatningu frá fjölskyldu né umhverfi. Fæðingarorlof var lítið eða ekkert. Fóstureyðingar voru harðbannaðar, margar konur fóru í ólöglega og lentu illa útúr því heilsufarslega og sálarlega, - og margar konur eignuðust auðvitað börn ótímabært. Einstæðar mæður fengu lítinn sem engan stuðning, gengu þó fyrir með barnaheimilispláss sem og námsmenn, önnur börn komust ekki að fyrir en í fyrsta lagi 2ja til 3ja ára á leikskóla.

Á síðustu árum 7. áratugarins var konum nóg boðið. Það var eins og tíminn væri allt í einu kominn. Hvar sem maður kom voru hundóánægðar konur að tala saman um misréttið, aðstöðumuninn, ófrelsið. Allt var á suðupunkti, - eins og hver sem er kominn að því að gjósa. Það var að koma hreyfing á konur. Á sama tíma var talsvert mikið að gerast og gerjast í öllum hinum vestræna heimshluta, - 68 hreyfingin svokallaða var að geysast fram.

Við fórum síðan meðvitað að stinga saman nefjum, nokkrar og svo kallaði hver á sínar kunningjakonur sem voru sama sinnis og fyrstu umræðufundirnir voru í óinnréttuðum kjallara Norræna hússins þar sem við sátum á gólfinu og ætluðum aldrei að geta hætt að tala. Upp úr þessu reis Rauðsokkahreyfingin 1970. Við ákváðum að lokum að við værum hluti af og ættum samleið með öðrum vinnandi stéttum og tækjum því þátt í 1.maí kröfugöngunni þetta ár. Rauðu sokkarnir höfðu tvíþætta tilvísan; annarsvegar rauður litur róttækninnar og uppreisnarinnar, hinsvegar var tilvísan til kynsystra okkar fyrst á öldinni sem börðust fyrir kvenréttindum og kölluðu sig blásokka.

Við vorum með ótal hugmyndir um kröfuspjöld í göngunni en komumst að lokum að þeirri niðurstöðu að fáar upphrópanir og sterkar virkuðu betur en margar. Einnig að kröfurnar ættu ekki síður að beinast að okkur konum sjálfum en þjóðfélaginu í heild, - við áttum að heita að hafa jafnrétti í lögum (reyndist nú ekki alveg vera þegar nánar var skoðað) en við stóðum ekki á þessum rétti okkar og létum undan beinni og óbeinni kúgun, - við höfðum rétt en ekki frelsi. Enginn getur frelsað mann nema maður sjálfur og því hlaut þetta að verða kven **frelsis** barátta en ekki bara kven **réttinda** barátta eins og framanaf öldinni þegar barist var fyrir kosningarétti konum til handa. - Aðalslagorðið varð því: **Vaknaðu kona!** - Annað var **Konur nýtum mannréttindin**. Síðan bárum við stórt gyðjulíkan, sem notað hafði verið í sýningu MR á Lýsiströtu og settum á hana borða einsog fegurðardrottningar bera með áletruninni: **Manneskja, ekki markaðsvara**. Nokkrar hvatningar í útvarpsauglýsingum til kvenna í rauðum sokkum um að mæta í

gönguna bar ótrúlegan árangur, - konur flyktust að. - Okkur var hinsvegar ekki fagnað af verklyðsforingjum, vægt sagt. Gvendur jaki reyndi að henda okkur útúr göngunni.

Þetta var upphafið, stefnan var mótuð á stofnfundi um haustið. Hún var mjög einföld: Að berjast fyrir kvenfrelsi og gegn misrétti hvarvetna; að vinna að vitundarvakningu meðal kvenna og gera kannanir á ýmsum sviðum og vekja athygli almennings á misréttinu. Þetta var róttæk kvenfrelshreyfing og jafnrétti var undirskilið en ekki aðalatriðið Frelsun konunnar og viðhorfsbreyting var það mikilvægasta. Við gerðum okkur grein fyrir að orsök misréttis og kúgunar kvenna var ekki vondir karlar, heldur fólst hún í sjálfri samfélagsgerðinni, kynferðislegum fordómum og viðjum uppeldis, menntunarstefnu, verka- og hlutverkaskiptingu á heimili, vinnustöðum og í félagslífi.–

Starfshættir voru nýstárlegir. Pýramídakerfinu var hafnað og í staðinn fundið upp hringlaga kerfi með mörgum hringjum sem tengdust. Það var engin stjórn og enginn formaður en unnið í hópum um ýmis málefni, - maður gat verið í einum hópi eða mörgum, valinn var tengill fyrir hvern hóp og síðan voru fjórar í miðstöð sem héldu sambandi milli hópanna. Hóparnir voru sjálfstæðir, þannig að ekki þurfti að bera undir alla hreyfinguna hvað hver hópur gerði eða sendi frá sér enda bar hann sjálfur ábyrgðina og enginn þurfti að svara fyrir gerðir annarra. Þetta hafði mikla kosti en líka dálitla galla. Alltaf var hægt að stofna hóp í hvelli og bregðast þannig strax við því sem gerðist, enda vorum við sískiptandi okkar af hlutunum og létum heyrja í okkur strax í blöðum eða á öðrum vettvangi þegar með þurfti. En það kom auðvitað fyrir að einhverjir í hreyfingunni væru ósáttir við það sem aðrir gerðu.

Við gerðum efiirtektarverðar kannanir á misrétti á ýmsum sviðum, - um launa- og kjaramál, löggjöf, verkaskiptingu og kynntum þær á opnum fundum sem voru mjög vel sóttir. Líka héldum við fundi um einstök mál, svo sem frjálsar fóstureyðingar, fyrirvinnuhugtakið, námsefni og s.frv. og við vorum með mótmæli og uppákomur við ýmsa atburði, svo sem fegurðarsamkeppni, jólaverslunina og jólabrjálæðið (einu sinni var gengið með kertaljós og stóra mynd af Silla og Valda með Jesúbarnið; í annað skipti sópað Lækjartorgið og hengd upp dúkka í líki örþreyttu húsmóðurinnar) og fleira þvíumlíkt. Þetta var rosa skemmtilegt, en vakti náttúrlega meira en athygli, - líka hneyksli og sárindi, td. húsmæðranna sem fannst að sér sneitt og lítið gert úr sínum störfum. Það var þó sannarlega ekki okkar meining, enda flestar húsmæður sjálfar meðfram öðrum störfum. En á þennan veg voru starfshættirnir, annarsvegar hörkuvinna við skrár og tölur, hinsvegar sprell og gaman. Hvort tveggja virkaði. - Þess má líka geta að ólíkt sambærilegum hreyfingum í nágrannalöndunum fengu karlar að vera með. Við áttum frumkvæði að og tókum að okkur þáttaröð í útvarpi sem við kölluðum "Ég er forvitin - rauð" og í framhaldi af því kom út blaðið okkar "Forvitin rauð".

Frá 1974 var ákveðið á ráðstefnu hreyfingarinnar að Skógum að leggja þunga áherslu á starf á verkalyðssviði og berjast með láglau nastéttunum og fyrir þær. Samþykkt var yfirlýsingin "Kvennabaráttan er stéttabaráttan" og starfað í þeim anda. Þetta var umdeilt og átök nokkuð hörð og nokkrir félaganna sögðu skilið við hreyfinguna. Þá komu líka inn í hana hópar sem ætluðu að reyna að yfirtaka hana, - bæði Fylkingin, maóistar, ksml og hvað þetta hét nú allt - dálítið erfitt tímabil. – En slagorðið var ekki innantóm glamuryrði. Við létum okkur dreyma um að skapa nýtt og betra samfélag þar sem allir nytu sín, karlar, konur og börn. Víst vildum við að konur kæmust í áhrifastöður í þjóðfélaginu, en ekki bara til að komast við hlið karla heldur til að færa með sér breytingu. Breytingu sem ekki þýddi bara að yfirstéttarkonur fengju sömu stöðu og

yfirstéttarkarlar og verkakonur sömu laun og verkakarlar. Í anda þessarar stefnu efndum við til fyrstu Láglaunaráðstefnunnar og náðum þar samstarfi við konur í verkalýðsfélögunum með mjög góðum árangri, - framsögukonur voru allar úr þeirra hópi og sumar töluðu þar í fyrsta sinn úr pontu. (Sjálfar elduðum við gríðarlega kjötsúpu kvöldið áður og var hennar neytt ókeypiss á ráðstefnunni.) Ég held ég yki ekki þegar ég segi að þessi ráðstefna varð vakning meðal láglaunakvenna, - ekki síst vegna þess að umræðan einskorðaðist ekki við kjörin heldur var dregin fram tvöföld vinnubyrði kvenna á heimili og í atvinnu.

Hugmyndin um að konur legðu niður vinnu einn dag á Kvennaári Sameinuðu þjóðanna 1975 kom frá okkur. Tilgangurinn var að sýna fram á mikilvægi vinnu kvenna og að hjól atvinnulífsins stönsuðu ef konurnar væru ekki til staðar. Tillaga okkar um þetta fékk í fyrstu engan byr annarra kvennasamtaka en þróaðist svo á þann veg að Kvennafrídagurinn svokallaði (sem við kölluðum náttúrlega Kvennaverksfallið) varð að veruleika og hlaut heimsathygli.

Rauðsokkahreyfingin starfaði framundir 1980, - þá tók annað við. Sumar vildu halda áfram, en frá upphafi átti þetta að verða **hreyfing** í ákveðnum tilgangi á sínum tíma, en ekki félag og aldrei staðnað nátttröll sem stundum er hlutskipti annars ágætra félaga sem halda áfram formlegu starfi eftir að þeirra hlutverki er lokið. Úr Rauðsokkahreyfingunni fóru margar okkar til starfa í stjórnámálum, í verkalýðshreyfingunni og á öðrum vettvangi og Kvennaframboðið í Reykjavík og síðar Kvinnalistinn var stofnað beint í kjölfar rauðsokkanna. - Að mínu mati og margra félaga minna var starfið í Rauðsokkahreyfingunni mikilvægasti skóli ævi okkar, - við komum úr því margefldar, fróðar og færar, - til í hvað sem var.

Ég hef rakið hér – kannski svolítið yfirborðslega og mjög brotakennt (ég gæti talað í allt kvöld og skrifað heila bók, það er af svo miklu að taka) - starfsemi Rauðsokkahreyfingarinnar. En til að gefa svolitla nærmynd ætla ég að taka tvö dæmi, annað fyndið og hitt erfitt og alvarlegt. Hið fyrra finnst mér enn eitthvað það skemmtilegasta sem ég hef gertog varðaði mótmæli við fegurðarsamkeppni. Það vildi svo til að við ætluðum að halda fund með verkakönnum á Akranesi sunnudag nokkurn að hausti. Viku áður máluðum við auglýsingaspjöld, fórum uppá Skaga og hengdum þau upp. Þá fréttum við að halda ætti fegurðarsamkeppni um kvöldið fundardaginn. Hugmyndin fæddist: Við gerum ærlegt grín!. Nema hvað. Fengin var að láni kvíga hjá bónda í nágrenni Akranesbæjar og eftir okkar fund fórum við og sóttum hana í lítilli rútu. Kvígan var dásamleg, hvít og rauðsokkótt. Við settum á hana gyllta kórónu og borða með “Ungfrú Ísland.” Síðan fórum við á Hótel Akranes þar sem keppnin var. Fengum að vísu ekki að koma inn með kusu en stóðum fyrir utan innganginn og komst enginn samkomugesta hjá að sjá hana. Fólk brást náttúrlega misjafnlega við. En fiskisagan flaug - og flaug áfram með þeim árangri að fegurðarsamkeppnin lagðist af í mörg ár því fegurðardísirnar fengust ekki til að taka þátt. – Það er oft ágætt að spila á húmorinn.

Öllu alvarlegri aðgerð og erfiðari var baráttan fyrir frjálsum fóstureyðingum. Samkvæmt gömlu lögunum voru fóstureyðingar aðeins leyfðar af mjög alvarlegum læknisfræðilegum ástæðum og í algerum undantekningartilfellum af félagslegum. Þetta þýddi í reynd að fjöldi kornunga stúlkna voru beinlínis neyddar til að eignast börn sem þær höfðu ekki bolmagn til að sjá fyrir, kannski gefa það, kannski baslast einhvernveginn áfram og bindast barnsföður sem þær kærðu sig ekki um. Og jafnframt missa af tækifæri til náms og/eða starfs. En það voru ekki aðeins ungu stúlkurnar sem

lögin léku illa; - konur sem voru jafnvel búnar að eignast mörg börn og höfðu hvorki heilsu né aðstæður til að taka við fleirum fengu heldur ekki fóstureyðingu. Á sama tíma voru getnaðarvarnir ófullkomnar og engin fræðsla um þær né um kynlíf yfirleitt. Bakhliðin var ólöglegu fóstureyðingarnar sem fengust fyrir háar fjárhæðir og voru stórhættulegar, - sumar konur gátu aldrei síðar eignast börn, sumar biðu stórtjón á líkamlegri og andlegri heilsu sinni og sumum hreinlega blæddi út.

Aðalrök okkar fyrir frjálsum fóstureyðingum voru – og eru - að konur eigi sjálfar að ráða líkama sínum og hvað skeður með hann. Þær verða sjálfar að geta ákveðið hvenær þær eru í stakk búnar til að eignast barn og sjá um það. Þær verða að njóta frelsis í þessum málum. Engin kona með fullu viti og ærlegar tilfinningar velur fóstureyðingu að ástæðulausu og bara það að hafa frelsið til að velja og hafna verður til að umhugsunin verður ýtarlegri og þær sem áður hefðu etv. valið ólöglega fóstureyðingu eða verið þrýst til þess af barnsföður geta skipt um skoðun og velja þá etv. að fæða barnið.

Við vöktum upp mjög heitar umræður um þetta mál, skrifuðum um það, gáfum út blað, tókum þátt í útvarps- og sjónvarpsumræðum og fengum loks okkar fulltrúa í stjórnarnefnd sem endurskoðaði löggjöfina (þegar hliðhollur ráðherra tók við í heilbrigðisráðuneytinu), - þar var í fyrstu við ramman reip að draga en lokin urðu ótrúlega frjálslýnt lagafrumvarpið. Þingmenn voru hinsvegar tregir og það þurfti því mikinn lobbýisma og furðulegar leiðir til að vinna málið. Ólgan í þessu máli, hatrið og heiftin var skelfileg. Það var oftast en einu sinni og tvisvar sem var hringt í mann að nóttu og sagt að maður væri morðingi. Þetta gat verið sárt. En endalokin urðu að lögunum var breytt konum í hag. Og nú eru uppvaxnar kynslóðir sem þekkja ekki annað en að hafa valið og gera sér varla grein fyrir hvað það er mikilvægt.

Já, það hefur ótrúlega margt breyst og áunnist þegar litið er til baka. En það er líka ótrúlega margt sem eftir er og enn langt í að fullt jafnrétti og jafnræði ríki. **Varanleg** áhrif af starfi rauðsokkanna eru fyrst og fremst breytt viðhorf sem var eitt það mikilvægasta í okkar augum. Nú dettur fáum í hug að kona geti ekki staðið sig á hvaða sviði sem er til jafns við karla. Konurnar sjálfar hafa öðlast áræði og sjálfstraust til að leggja í það sem hugur þeirra stendur til.

Ég held að þungvæg ástæða til að jafnrétti hefur ekki náðst sé að á sama tíma og konur hafa axlað æ meiri ábyrgð og skyldur og tekið að sér fleiri störf úti í þjóðlífinu hafa karlar orðið eftir og ekki á sama hátt tekið á sig meiri ábyrgð og störf fyrir fjölskyldu og heimili. Það getur ekki orðið jafnrétti meðan konan hefur tvöfalda ábyrgð og störf og karlinn er nánast stíkkfrí í sambandi við börnin. Þetta mótast afstöðu atvinnurekandans til ráðninga, stöðuhækkana og launa og þetta letur konur gagnvart krefjandi og ábyrgðarmiklum störfum og hlutverki. Það er svo önnur saga og ágæt að karlar virðast vera að byrja að finna til þess að þeir missi af einhverju ef þeir ekki sinna börnum og heimili til móts við konuna.

Konur mega svo sannarlega standa á verðinum alltaf ef ekki á að verða bakslag og þær verða að halda áfram að berjast fyrir stöðu sinni. En hvar er kvennahreyfingin nú? Hvert skyldi hún vera að fara? Hvert viljum við að hún stefni og hvernig á að starfa? Hvað viljum við í raun?

Fyrir mér er svarið (sem fyrr) betra samfélag, fegurra mannlíf. Ástand þar sem mannkostir hvers einstaklings fá að njóta sín. Þar sem börnunum okkar líður vel. Ég er ekki hrifin af samkeppnisanda markaðsþjóðfélagsins sem mér finnst ég farin að verða vör við innan kvennasamtaka og meðal kvenna. Ég hef þvert á móti enn trú á samheldni og samhjálp.

Ég verð að viðurkenna að sjálf hef ég svo að segja legið í láginni undanfarin ár og ekki fundið mér vettvang í kvannahreyfingunni til að starfa á, - eiginlega ekki fundið kvenna- **hreyfinguna**. Hvar er hún ? er spurt í fréttatilkyningu um þennan umræðufund. Já, hvar er hún? Kannski er hún hér? "Mér fannst ég finna til!" Mér finnst ég að undanfögnu hafa fundið að eitthvað sé aftur að byrja að gerjast, farið að hreyfast. Allt hefur sinn tíma og ég efast ekki um að konur fara aftur að láta til sín taka sem hópur, kvannahreyfing rís, hreyfing nýrrar kynslóðar, skilgreind útfá hennar þörfum og á sögulega réttu augnabliki eins og rauðsokkarnir. Það býr gífurleg orka í okkur konum og þegar við tökum saman er ekkert sem getur stöðvað okkur. Við getum gengið þvert á pólitískar flokkslínur og allar aðrar línur þegar með þarf. Skapað okkar sanna systralag.

Hæ, stelpur! Ég ætla að vera með!